

Lífland leggur áherslu á þekkingarmiðaða þjónustu

Lífland byggir á grunni Mjólkurfélags Reykjavíkur sem stofnað var árið 1917 og hefur því þjónustað íslenska bændur í 103 ár. Lífland kom bætiefni á markað fyrir skemmstu sem dregur úr metanlosun, en fyrirtækið hefur einnig fengið lífræna vottun fyrir meðhöndlun á fóðurvöru.

Áhersla Líflands er á fôðurframleiðslu og markaðssetningu á fôðri og annarri rekstrarvöru fyrir bændur. Auk þess er Lífland starfandi á smásölu sviði og selur meðal annars allt fyrir hestamanninn, hvers kyns útivistarvörur og vörur fyrir gæludýraeigendur.

„Kjarnastarfsemi Líflands er framleiðsla á kjarnfôðri. Við erum að þjónusta stóran hluta markaðarins hér heima. Fôðurverksmiðjan okkar á Grundartanga var sett á laggirnar árið 2010 og er tæknilega vel búin. Við framleiðum þar og dreifum kjarnfôðri fyrir allar helstu búfjartegundir sem hér eru aldar. Til viðbótar má nefna að Lífland starfrækir jafnframt einu hveitimyllu landsins undir merkjum Kornax sem Íslendingar þekkja vel,“ segir Jóhannes Baldvin Jónsson deildarstjóri ráðgjafar og vöruþróunar hjá Líflandi.

„Við leggjum líka áherslu á þekkingarmiðaða þjónustu við landbúnaðinn og höfum beitt okkur með vísindalegum hætti í starfi okkar og erum í samstarfi við hollenska ráðgjafafyrirtækið Trouw Nutrition.“

Jóhannes segir að Lífland hafi verið fyrst íslenskra fôðurfyrirtækja til að bjóða upp á fôðuráætlanir sem unnar eru í samvinnu við bændur og byggðar á niðurstöðum heysýna.

„Sýnin eru tekin úr gróffôðri bændanna en við ráðleggjum þeim með hliðsjón af sýnunum, til þess að hámarka skilvirkni og nýtingu allra aðfanga,“ útskýrir hann.

„Það er leiðarljós okkar og hefur verið síðustu ár, að hámarka arð bændna með því að bæta og auka sem best nýtingu þeirra fôðurefna sem til falla á bæjunum, en ekki síst að þeir fái sem mest út úr því kjarnfôðri sem við leggjum til.“

Lausn sem dregur úr metanlosun jörturdýra

Nýverið kom Lífland með á markað nýja lausn sem heitir Vistbót. Fyrirtækið hefur verið í samstarfi við erlendan aðila við að koma henni inn á íslenskan markað.

„Þetta er lausn sem dregur úr metanlosun frá jörturdýrum um 10%. Metan er öflug gróðurhúsalofttegund þannig að þarna erum við að stíga skref með íslenskum bændum til að minnka umhverfisfótspor landbúnaðar,“ segir Jóhannes.

„Þessi vara hefur líka þann kost að hún getur aukið nýtingu fôðurs um 6%, þannig að það er ekki bara verið að draga úr metanlosun, það er líka verið að auka nýtingu gróffôðurs. Það er okkar hugmyndafræði, að auka skilvirkni og bæta nýtingu.“

Alltaf að nást meiri árangur

Lífland hefur einnig unnið að ýmsu fleiru tengdu því að bæta nýtingu aðfanga. Fyrirtækið býður til dæmis upp á íblöndunarefni í vothey sem bætir varðveislu þess og eykur fôðurgæðin.


„Við erum jafnframt stærsti innflytjandi sáðvöru fyrir íslenska bændur, það er að segja sáðkorns og grasfræja. Við erum í nánun



Jóhannes Baldvin Jónsson segir Lífland hafa það að leiðarljósi að hámarka arð bændna, með því að bæta nýtingu fôðurefna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gunnar Á. Gunnarsson framkvæmdastjóri Tüns, afhendir Þóri Haraldssyni forstjóra Líflands, lífrænt vottunarskjal.



Vistbót er ný metan-minnkandi lausn frá Líflandi.

samstarfi bæði við Landbúnaðarháskólann hérna heima og erlenda aðila og fylgjumst með því sem er að gerast í kynbótum og nýjungum á þessum markaði. Það eru stöðugar erfðaframfarir í helstu tegundum sem hér eru ræktaðar og alltaf að nást meiri árangur með uppskerumagn og fôðurgildi,“ segir Jóhannes.

Vottun fyrir meðhöndlun á lífrænu fôðri

Lífland hlaut nýlega vottun frá

„Parna erum við að stíga skref með íslenskum bændum til að minnka umhverfisfótspor landbúnaðar.“

Jóhannes Baldvin Jónsson

Vottunarstofunni Túni fyrir meðhöndlun á lífrænt vottaðri fôðurvöru. „Við erum í dag innflytjandi að lífrænt vottuðu fôðri bæði frá Hollandi og Danmörku. Við höfum lagt heilmikla rækt við það undanfarin ár að þjónusta lífræna geirann vel varðandi lífrænt vottaða fôðurvöru og höfum verið að stíga fleiri skref í átt að því að það sé gulltryggt að allir angar þeirrar keðju séu samkvæmt lífrænum stöðlum. Vottunin var í raun bara staðfesting á því,“ útskýrir Jóhannes og bætir við að möguleikarnir á framleiðslu á lífrænt vottaðri fôðurvöru standi opnir. Hann telur þó að það verði ekki á næstunni því markaðurinn er smár og því hefur hingað til verið rökrétt að flytja vöruna inn.